

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, á málþingi til heiðurs Sigrúnu Aðalbjarnardóttur, prófessors emeritus. Haldið í Skriðu fimmtudaginn 14. nóvember 2019 kl. 15.30.**

Kæra Sigrún, góða samstarfsfólk, kæru gestir.

Það er mér heiður og ánægja að segja fáein orð hér við þennan viðburð sem haldinn er til heiðurs vinkonu minn og samstarfsfélaga til margra ára, Sigrúnu Aðalbjarnardóttir, prófessors emeritus.

Mig langar að byrja á að fjalla hér lítillega um glæstan feril Sigrúnar.

Sigrún lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1969. Hún lauk BA-prófi í uppeldisfræði frá Háskóla Íslands 1983, MA-prófi í þroskasálfræði 1984 og doktorsprófi í sömu grein frá Harvard háskóla í Bandaríkjunum 1988. Þess má geta að Sigrún er eini Íslendingurinn sem hefur lokið doktorsprófi í menntavísindum frá Harvard háskóla og hefur hún átt farsælt samstarf við fræðimenn þess skóla æ síðan.

Starfsferill Sigrúnar er ekki síður glæstur en menntaferillinn. Hún var ráðin lektor í uppeldisfræði við Háskóla Íslands 1989, varð dósent sama ár og prófessor í uppeldis- og menntunarfræði 1994.

Kennsla Sigrúnar hefur einkum verið á sviði þroskasálfræði, áhættuhegðunar og seiglu ungs fólks, auk borgaravitundar ungmenna í lýðræðisþjóðfélagi.

Sigrún er frumkvöðull á sviði rannsókna á þroska barna og ungmenna á Íslandi. Rannsóknir hennar beinast að margvíslegum þroska barna og ungmenna, líðan þeirra, námsgengi og áhættuhegðun. Jafnframt hafa rannsóknir hennar beinst að því hvernig hlúa megi að þroska og velferð barna og ungmenna heima og heiman.

Sigrún hefur staðið að þessum rannsóknum með samstarfsfólki sínu hér á landi á vettvangi rannsóknastofunnar „Lífshættir barna og ungmenna“. Einnig hefur hún átt frjótt rannsóknasamstarf með fræðimönnum bæði við Harvard University, Graduate School of Education og í evrópska netsamvinnuverkefninu Children's Identity and Citizenship in Europe.

Sigrún hefur verið afar afkastamikill fræðimaður og birt fjölda ritrýndra greina bæði hérlendis og erlendis. Þá hefur hún skrifað nokkrar bækur, þar á meðal *Lífssögur ungs fólks – Samskipti, áhættuhegðun, styrkleikar* – frá árinu 2019 - og *Virðing og umhyggja – Ákall 21. aldar* – frá 2007 – prentuð tvisvar.

Sigrún hefur hlotið margar viðurkenningar fyrir störf sín, meðal annars viðurkenningu Háskóla Íslands fyrir „lofsvert framlag til rannsókna“ og Saman-hópsins fyrir „vel unnin fræðistörf og gagnlegar rannsóknir í þágu foreldra og barna“. Ennfremur hlaut hún riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu „fyrir störf í þágu uppeldisvísinda og menntunar“.

Sigrún er framúrskarandi kennari sem sinnir kennslu og nemendum sínum af metnaði og alúð - algjörlega í samræmi við það sem hún fjallar um í fræðum sínum.

Ekki skiptir þó minnstu að Sigrún hefur alla tíð lagt áherslu á að samþætta rannsóknir sínar og starf á vettvangi. Hún hefur starfað með fjölda kennara og skólastjórnendum að því að styðja við skólastarf sem stuðlar að velferð barna og ungmenna – nokkuð sem er algjörlega til fyrirmyndar.

Enn fremur hefur Sigrún gegnt margvíslegum stjórnunarstörfum innan og utan Háskólans. Hún var m.a. formaður skorar í uppeldis- og menntunarfræði við Félagsvísindadeild, tók virkan þátt í uppbyggingu framhaldsnáms og átti sæti í stjórn Félagsvísindastofnunar.

Við Sigrún höfum átt frábært samstarf og þakka ég henni vináttuna í gegnum tíðina og einstaklega fallegar kveðjur og stuðning sem ég hef fengið frá henni. Það met ég mjög mikils.

Ég kynntist Sigrúnu í vísindanefnd háskólaráðs haustið 1994, en hún var formaður vísindanefndarinnar 1996 til 1999. Þar var einstaklega lærdómsríkt að vinna með henni og hún var og er frábær fyrirmynd og glæsilegur fulltrúi sinna fræða. Við unnum einnig að endurskoðun frumvarps um vísinda- og tækniráð að sumarlagi snemma á þessari öld.

Já, Sigrún hefur haft mótandi áhrif í vísindum og námi við HÍ. Til viðbótar við það sem þegar hefur verið nefnt, sat hún í vísindanefnd opinberu háskólanna, í stjórn Rannsóknánámssjóðs, var formaður námsbrautar í sálfræði í uppeldis- og menntavísindum við Menntavísindasvið og átti frumkvæði að því að þessi námsbraut var sett á fót við sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands árið 2008

Kæra Sigrún. Það er ótrúlegt til þess að hugsa að þú hafir fyrir þremur mánuðum látið af störfum fyrir aldurs sakir, jafn ungleg sem þú ert innan sem utan. ... En ég veit þú ert ekkert hætt hjá okkur.

Fyrir hönd Háskóla Íslands þakka ég þér einstakt framlag til skólans.